

Titill / Title	<b>Bragð og beitarhagar. Framvinduskýrsla</b>		
Höfundar / Authors	Rósa Jónsdóttir, Aðalheiður Ólafsdóttir, Óli Þór Hilmarsson og Guðjón Þorkelsson		
Skýrsla / Report no.	45-09	Útgáfudagur / Date:	Desember 2009
Verknr. / project no.	1008 1915	Lokuð skýrsla	
Styrktaraðilar / funding:	Framleiðnisjóður landbúnaðarins		
Ágríp á íslensku:	<p>Verkefnið snýst um að rannsaka og kanna hvort munur sé á eiginleikum og bragði lambakjöts eftir beitarhögum og uppruna lamba í þeim. Tilgangurinn er að styrkja enn frekar grunnin fyrir vinnslu og sölu lambakjöts beint frá býli út frá sérkennum hvers svæðis. Verkefnið er unnið í samstarfi Austurlamb, Búnaðarsambands Austurlands, bæjanna Hákonarstaða og Útstekks Matis og Félags matreiðslumeistara. Það skiptist í undirbúning hjá bændum, slátrun og sýnatöku, mælingar á bragði og lyktarefnum, mat á matreiðslueiginleikum, uppgjöri og kynningu á Fræðaðingi landbúnaðarins og gerð kynningarefnis fyrir viðkomandi býli/svæði til að nota í markaðsstarfi og loks ritun vísindagreinar um rannsóknina. Með verkefninu er vonast til að geta greint í smáatriðum frá bragði og eiginleikum kjöts lamba af mismunandi beitarhögum til að nota við að selja kjötið á markaði fyrir staðbundið lambakjöt jafnt í netverslun, í ferðaðþjónustu, veitingahúsum og öðrum sælkeramarkaði svo hægt sé að fá herra verð fyrir kjötið og meiri arðsemi beint á býlið. Viðkomandi býli og Austurlamb munu hagnýta sér niðurstöðurnar í kynningar- og markaðsstarfi jafnframt því sem verkefnið nýtist öðrum framleiðendum og vinnsluáðilum lambakjöts.</p> <p>Öllum undirbúningi, slátrun, sýnatöku og mælingum er lokið og verið er að vinna úr niðurstöðum. Lokaskýrslu og birting niðurstaða er að vænta í febrúar á Fræðaðingi landbúnaðarins. Í lok janúar er stefnt að hálfisdags málþingi um áhrif beitarhaga á bragð lambakjöts, sem haldið verður í Matvælasólunum í Kópavogi með þátttöku Matis, Matvælasólans, sauðfjárbænda og matreiðslumeistara.</p>		
Lykilorð á íslensku:	Beitarhagar, bragð, lambakjöt		



*Summary in English:*

*English keywords:*